

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afryjandi Finnbofi G. Lárusson greiði stefnda Daníel Bernhöft 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 28/1914

Valdstjórnin

gegn

Páli Þorsteini Matthíassyni.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað gegn hinum kærða Páli Þ. Matthíassyni skipstjóra á botnvörpuskipinu Snorri goði R. E. 141, fyrir brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898, og var hann með lögreglu-réttardómi Vestmanneyjasýslu, uppkveðnum 31. marz þ. á., dæmdur í 2000 kr. sekt til landssjóðs, en öll veiðarfæri skipsins, þar með taldir dragstrengir, voru dæmd upptæk svo og allur affi innanborðs, eins og þetta var, þegar skipið kom til Reykjavíkur næst eftir brotið, og skyldi andvirði þess renna í Landssjóð.

Þessum dómi hefir verið skotið til landsyfirdómsins samkvæmt ósk hins kærða.

Hinn 21. marz þ. á. fór hreppstjóri Sigurður Sigurfinnsson að fyrirlagi sýslumannsins í Vestmannaeyjum á mótorbát til að athuga nokkur botnvörpuskip, er virtust

vera að veiðum með botnvörpu í landhelgi milli Heimaeyjar og lands, og hefir nefndur hreppstjóri og einn maður af skipshöfninni borið það sem vitni og unnið eið að því, að botnvörpuskipið Snorri goði R. E. 141, er kærði er skipstjóri á, hafi verið að veiðum nefndan dag í sundinu milli Heimaeyjar og lands, sáu vitnin að botnvörpuskipið hafði úti botnvörpustrengina báða, og að strengirnir stóðu stríðir aftur af skipinu eins og gerist, þegar skip dregur vörpu eftir sér. Kærði kannaðist við að hann hafi verið á umræddum stað, er vélarbáturinn var þar á eftirlitsferð nefndan dag, og um það er enginn ágreiningur að staður þessi var innan landhelgi, en kærði neitar því eindregið, að hann hafi fiskað þar í sundinu. Kannast hann að vísu við það, að hann hafi látið bakborðsvörpu falla þar í sjó í þeim tilgangi að gera tilraun til að fiska þar, en hann hafi hætt við það, og hafi hann dregið vörpuna upp án þess að leggja skipinu til dráttar. Hafa 10 menn af skipshöfninni í utanréttarvottorði, sem lagt hefir verið fram í landsyfirréttinum, vottað, að þessi framburður skipstjórans sé réttur, og er sérstaklega tekið fram í vottorðinu, að enginn fiskur hafi komið úr botnvörpunni, er hún var tekin upp. Gagnvart framburði skipstjórans hafa vitnin haldið fast við framburð sinn um það, að botnvörpuskipið hafi haldið áfram venjulegri ferð, og að strengirnir hafi staðið stríðir aftur af því, meðan þeir athuguðu það, en eftir að þeir fóru frá því, til að athuga önnur skip, er utar lágu, hafi R. E. 141 stöðvast og varpan verið dregin inn. Hvað sem rétt er í þessu, þá er það víst, að ákærði hefir haft veiðarfæri skipsins í sjó, svo að ekkert hefir þurft annað til að fara að fiska, en að halda skipinu af stað, en þetta virðist nægilegt til að

álíta, að kærði hafi gerzt brotlegur gegn fyrnefndum lögum 6. apríl 1898, og telst sektin, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákvæðin 1000 kr. til landssjóðs.

Eftir því, sem ráða verður af skjólum málsins, virðist kærði eftir að hann var staðinn að brotinu, hafa haldið áfram fiskveiðum, og því hafi verið í skipinu, er það kom til Reykjavíkur næst á eftir, til að leggja upp afla sinn, afli, sem fenginn var eftir að áminst brot var framið, og hefir því verið haldið fram af kærða hálfu, að ekki sé heimild til að gera upptækan annan afla en þann, er var í skipinu, þegar umrætt brot var framið, en til slíkrar takmörkunar virðist ekki heimild.

Það verður því að fallast á ákvæði lögregluréttardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með áminstri breytingu að því er sektarupphæðina snertir.

Allan kostnað við málið fyrir undirrétti og yfirdómi ber kærða að greiða, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors þeirra.

Við meðferð málsins í lögregluréttinum er það að athuga, að ekki er í dóminum neitt ákvæði um málskostnaðinn, svo sem fyrir er mælt í N. L. 1—5—14. Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vítalaus, og málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmat.

Við áfrýjun málsins er það að athuga, að yfirréttarstefnan hefir eigi verið birt undirdómaranum, en eftir að málið var tekið til dóms, hefir verið bætt úr þessu með því að afhenda réttinum yfirlýsingu undirdómarans um, að áfrýjunarstefnan sé honum kunn og að hann falli frá frekara fyrirkalli.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Páll Þorsteinn Matthíasson skipstjóri á botnvörpuskipinu Snorri goði R. E. 141 greiði 1000 kr. sekt í landssjóð og allan sakarkostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors þeirra. Veidarfæri nefnds skips og allur affi innanborðs, eins og þetta var, er er skipið kom til Reykjavíkur næst eftir brotið, skulu vera upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

Ídæmd gjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. ágúst.

Nr. 14/1914

Ágúst Gíslason
gegn
Einari Erlindssyni.

Dómur:

Veturinn 1912 samdist svo með aðilum máls þessa, að stefndi Einar Erlindsson verkfræðingur í Reykjavík skyldi útvega frá útlöndum hitunartæki í hús, er áfryjandi Ágúst Gíslason útvegsmaður í Vestmannaeyjum þá ætlaði